

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 27.04.2023

Verkefnaráð	1
Starfsmannagátt Reykjavíkurborgar – MOS	2
Leitarvélalausn fyrir Gagnsjá	4
Umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar	6
Stjórnandinn í PowerBi.....	8

Verkefnaráðsfundur 27.04.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 27.04.2023
Dagsetning 27.04.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Birgir Lúðvíksson, Eyrún Ellý Valsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Lára Aðalsteinsdóttir, Óskar Þór Þráinsson, Inga Rós Gunnarsdóttir, Búi Bjarmar Aðalsteinsson	
Fjarverandi: Arna Ýr Sævarsdóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 27. apríl 2023, kl. 10:00 – 11:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 – 10:10 Starfsmannagátt Reykjavíkurborgar – MOS: Birgir og Eyrún Ellý
10:10 – 10:15 Umræður
10:15 – 10:25 Leitarvélalausn fyrir Gagnsjá (yfirferð, næstu skref og afhending verkefnis áfram): Ólafur Sólimann og Búi Bjarmar
10:25 – 10:30 Umræður
10:30 – 10:40 Umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar: Lára og Óskar Þór
10:40 – 10:45 Umræður
10:45 – 10:55 Stjórnandinn í PowerBi: Inga Rós
10:55 – 11:00 Umræður
11:00 Fundi slitið

Starfsmannagátt Reykjavíkurborgar – MOS

Verkefnið snýst um að auðvelda starfsmönnum borgarinnar að hafa yfirsýn yfir réttindi, hlunnindi og öll sín mál hjá borginni. Það er mikil óþarfa pappírsvinnsla og mikill tími starfsmanna fer í óþarfa handavinnu. Mikið um tafir og ómögulegt að safna gögnum með núverandi uppsetningu.

Starfsmannagáttin er rafræn umsóknargátt, þar sem starfsmenn geta sótt sér þjónustu á einfaldari máta en áður.

Búið er að gera:

- Þarfagreiningu
- Ferlagreiningu menningarkorts, veikindavottorðs og íþróttasamgöngustyrks
- Eigindleg viðtöl
- Kynning og samskipti hagsmunaaðila hafa átt sér stað

Með verkefninu á m.a að:

- Móta rafræna umsóknargátt svo að skil og úrvinnsla verði sjálfvirkari og skilvirkari fyrir alla starfsmenn
- Styðja undir samþættingu ytri og innri miðlunar borgarinnar, aukna sjálfvirknivæðingu með minnkun endurtekinnna, tímafrekra og lítið staðlaðra ferla
- Nýta þá vinnu sem þegar hefur verið gerð fyrir Mínar síður borgarbúa, þar sem búið er að ljúka greiningu, vöruþróun og bakenda. Ýmsar tengingar nú þegar átt sér stað og verið er að vinna að tengingum fyrir Hlöðuna og Agresso

Ávinningur:

- Rafrænt ferli fyrir alla hagsmunaaðila
- Sjálfsafgreiðsla
- Útleiða pappírnotkun
- Aukin yfirsýn fyrir umsækjendur, stjórnendur, deildir og svið
- Einföldun og umbreyting ferla
- Mun flýta og auðvelda stafræna umbreytingu RVK

Tímarammi: Maí til október 2023, 6 mánuðir - Ef skilgreiningarvinnan er búin, þá væri hægt að vinna í sumar.

Áætlaður kostnaður verkefnis: 40 milljónir

Áætlaður kostnaður innleiðingarstjóra: 5 milljónir, greiðist af sviði

Óskað er eftir:

- **Fjármögnun frá ÞON** fyrir áætluðum kostnaði verkefnis
- **Fara í næstu skref**
 - Mynda grunnteymi
 - Undirbúa fyrstu ferlana; innleiðing nýrra starfsmanna og sund- og menningarkortið
 - Ákveða heimasvæði fyrir Starfsmannagáttina
 - Spegla Mínum síðum að þörfum starfsmanna
 - Kynna verkefnið fyrir sviðum og deildum
 - Undirbúa pilot hóp innan ÞON
 - Áframhaldandi kortlagning og uppsetning annarra ferla

Tegund verkefnis:

Umbreyting

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs 8.05.2023: 3,07

Niðurstaða verkefnaráðs:

- Endurmeta umfang með vörustjóra og mínar síður teymi, með það markmið að spegla ekki mínar síður heldur að þetta sé hluti af / inni í mínum síðum. Þannig að ekki þurfi mögulega að viðhalda tveimur kerfum.
- Athuga hvort hægt sé að greina hvort það sé hægt að innskrá / auðkenna að notandi sé starfsmaður.
- Nauðsynlegt að gera umfangsmeira ábatamat, og áætla hagræðið fyrir starfsmenn og stjórnendur.
- Nýtt kostnaðarmat miðað við að þetta verði hluti af mínum síðum og þá t.d keypt inn vörustjóri/viðbót í mínar síður teymið.
- Setja stýrihóp sem kemur að verkefninu og fylgir því eftir. Ekki þarf að koma aftur fyrir verkefnaráð.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið áfram með vísan í ofangreinda punkta
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefni fer áfram í vinnslu hjá umbreytingateymi miðað við ofangreinda niðurstöðu	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Leitarvélalausn fyrir Gagnsjá

Yfirferð, næstu skref og afhending verkefnis áfram.

Verkefnið snýst um að vera með vefsíðu sem er með síun á fundargerðir. Væntar leitarniðurstöður eru í dag að hluta á pdf skjölum. Áskorunin er sú að upplýsingar úr fundargerðum verði aðgengilegar og íleitanlegar fyrir borgarbúa, starfsfólk og stjórnmalafólk.

Verkefnið um gagnsjá var brotið í marga hluta. Leitarvél er komin í gang og vefteymi er tilbúið í uppsetningu á vefsvæði gagnsjár. Það vantar millilagið og að draga saman alla hluta vinnunnar sem er lokið, draga hagsmunaðilana aftur að borðinu og tryggja að síðustu skrefin séu leyst til að útkoman sé það sem áskorunin fól í sér.

Búið er að:

- Setja upp leitarvél

- Gera prófanir

Með verkefninu á m.a að:

- Móta viðmót gagnsjár
- Þjóða uppá hverkyns síun
- Tryggja að hægt sé að leita farsælegra og rétt í fundargerðum
- Fara yfir prófanir sem voru unnar í upphafi verkefnisins

Tímarammi: Eftir að skilgreina

Kostnaður við innleiðingu: Eftir að skilgreina

Óskað er eftir ákvörðun frá PON:

- Skipa verkefnastjóra
- Verkefnastjóri tryggir að unnið sé að millilagi sem tryggi farsælan lestur á fundargerðum
- Verkefnastjóri skipar í hóp sem vinnur drög að síun og uppsetningu vefsvæðis gagnsjár
- Farsælt að hafa aðgengi að þjónustuhönnuð og vöruhönnuð sem gæti stutt við vinnu við viðmót vefsvæðis
- Vefteymi tekur aftur við verkefni og setur gagnsjá í loftið þegar:
- Fundargerðir eru íleitanlegar
- Skýrt hvernig viðmót og virkni vefsvæðis á að líta út

Tegund verkefnis: Gagnaverkefni-vefverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs 8.05.2023: 3 3 2 4 5 53,00

Niðurstaða verkefnaráðs:

Ljóst er að verkefnið var mun flóknara en upphafleg lýsing gaf til kynna. Nauðsynlegt reyndist því að rýna hvað væri fýsilegt og tæknilega mögulegt út frá upphaflegri þörf. Til þess að ná sem bestum árangri í að leysa það þurfti að brjóta verkefnið niður í ólíkar einingar. Nú er vinna langt komin og kominn tími á að sameina og draga saman. Niðurstaða er að þetta er samþykkt og verður keyrt í gang. Lagt til að fá tæknilegan verkefnastjóra til að styðja við verkefnið.

Óskað er eftir að það fari í hæsta forgang að ná utan um þá vinnu sem unnin hefur verið á ýmsum vígstöðvum, ná góðu samtali við hagsmunaðila og koma virkni í loftið sem fyrst.

Ákvarðanir

Nr.	
1.	Verkefnaráð styður að setja þetta í hæsta forgang

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
	Úthluta til teymisstjóra verkefnastýringar og fenginn verkefnastjóri sem fyrst.	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar

Verkefnið snýst um að ná utan um á samræmdan hátt umsýslan myndefnis og stafræna miðlun hjá Reykjavíkurborg og einfalda miðlun til borgarbúa. Það er að ná utan um skráningu, varðveislu og miðlun gagna s.s. myndir, myndbönd, hljóðskrár og önnur margmiðlunar form sem ekki eiga heima í skjalakerfum eða öðrum skilgreindum vistunarstöðum borgarinnar þvert á svið og stofnanir.

Staðan í dag:

Myndir, hljóðskrár og annað sem ekki er vistað í skjalakerfum borgarinnar er geymt á sameign borgarinnar eða undir vef verkefna. Ekki er haldið utan um myndaskrár, leyfismál og notkunarreglur nema að litlu leyti hjá borginni. Skráning og grisjun efnis er ekki með skipulögðum hætti og samstarf við Borgarsögusafn eða ljósmyndasafn Reykjavíkur um varðveislu er takmarkað. Ljóst er eftir samtal við skrifstofustjóra upplýsinga- og skjalamála að Hlaðan er ekki varðveislustaður fyrir söfn, gagnagrunna, ljósmyndir, hreyfimyndir eða hljóðskrár. Margir sérvefir hjá borginni eru geymslustaðir fyrir myndir og annað skráarefni þar sem ekki er til skilgreindur staður fyrir það innan skjalavistunar borgarinnar. Við varðveislu og skráningu á myndum og myndböndum þarf að hafa í huga m.a.:

- Hvar gögn eru geymd og hver á þau.
- Höfundarétt (tíma og hvað gert er við myndir úr höfundarrétti).
- Persónuvernd og hvernig myndir eru skráðar ef fólk er þekktanlegt á þeim.
- Réttindi og skyldur starfsmanna sem annast myndir og myndbönd.
- Langtíma varðveisla þeirra á stafrænu formi.

Með verkefninu á m.a að:

- Samræma skráningu
- Koma í veg fyrir að gögn tapist
- Spara kostnað með því að samræma gögn
- Fara eftir lögum um opinber skjalasöfn sem segja að varðveita þurfi efnið skipulega

Skoða þarf þetta verkefni miðlægt og gera skráningu, vistun og miðlun samræmda til að auka hagræði og einfalda vistun þessara gagna hjá borginni. Rétt skilgreind samkvæmt lögum og persónuvernd, rétt hlutfall sé varðveitt og annað efni sé eytt svo það sé ekki að taka pláss á vefþjónum, í skýjalausn eða í öðrum gagnahirslum borgarinnar. Með verkefninu verður tíma starfsmanna betur varið, leit að myndefni einfölduð og vinna við umsýslan mynda og aðgengi borgarbúa bætt.

Eru einhver skýr mælanleg markmið?

Það kostar að vista gögn, því er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir hvað er geymt og hvernig til að forðast að vista gögn á mörgum stöðum. Það er mikill ávinningur fólgin í því að hafa skýrt hvaða myndir úr söfnum borgarinnar má birta, hvað er í höfundarétti og þarf að greiða fyrir birtingar. Lægri vistunarkostnaður, færri vinnustundir við leit og umsýslan mynda. Hætta að birta myndir úr höfundarétti eða myndir sem ekki má birta vegna persónuverndarlaga. Markmiðið er að á einum stað séu geymd gögn sem ekki eiga heima í öðrum skjalasöfnum borgarinnar. Þá er dregið úr hættu á marg vistun gagna, hægt er að vinna eftir skýrri vistunarstefnu og koma í veg fyrir notkun á efni sem ekki má birta opinberlega.

Ljóst er að verkefnið er yfirgripsmikið og fer inn á öll svið borgarinnar. Þetta mun taka tíma en með skýru eignarhaldi og markvissri stefnu verður hægt að koma á breyttu vinnulagi sem á endanum skilar góðri lausn.

Tímarammi: 6 mánuðir, ca frá júní til lok 2023.

Óskað er eftir að ÞON: Taki að sér rekstur og viðhald vörunnar Fotoware og rukki önnur svið eftir gjaldskrá fyrir notkun á hugbúnaði og hýsingu gagna. Umsjón hafi skrifstofa upplýsinga og skjalastýring.

Áætlaður kostnaður er undir 4 milljónum, þarf mögulega að fjölga vefleyfum. Erum með 500 leyfi í dag fyrir fotoweb (vefútgáfa fyrir almenna notendur), en óvíst í dag hvort það þurfi. Því hefur ekki verið gerð jafnréttisskimum fyrir verkefnið.

Tegund verkefnis: Vefverkefni, rekstur, gagnaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs 8.05.2023: 4 4 2 4 5 4 3,40

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að fara í verkefnið, það sem þarf að liggja fyrir er að:

- Skilgreina fjárfestinguna vel
- Gera ráð fyrir vörustjóra í skjalastýringunni
- Skýrt ábatamat þarf að liggja fyrir ásamt kostnaðaráætlun
- Hafa í huga lagalegar skyldur vegna birtingarmyndar og persónuverndar gögnum
- Skoða gervigreindartól til að nýta þetta betur
- Þjónustusamningur við þekkingu er til staðar, ætti að vera hægt að straumlínulaga hvernig sá samningur er nýttur

Ákvarðanir

Nr.	
1	Samþykkt að fara í verkefnið og fylgja ofangreindum punktum í niðurstöðu

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrdaraðili	Lokið
1	Úthluta til skrifstofustjóra upplýsinga og skjalastýringar	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Stjórnandinn í PowerBi

Verkefnið snýst um að veita stjórnendum borgarinnar innsýn yfir rekstur skipulagseininga þeirra í appi sem kallast stjórnandinn.

Í dag eru upplýsingar fyrir stjórnendur borgarinnar, svo sem launatölur, fjöldi stöðugilda og staða fjárhagsáætlana birtar í mælaborðinu Stjórnandinn með greiningartólinu Qlicksense. Enginn stuðningur er við QlickSense á Íslandi og enginn þjónustusamningur um rekstur og upphald. Því er mikilvægt að koma Stjórnandinum yfir í tæknistakk borgarinnar, bæði til einföldunar og framþróunar sem og öryggi við upphald og aðgengi stjórnenda að þessum upplýsingum.

Búið er að:

- Mappa upp feril gagna frá grunnkerfum til birtingar sem og alla lógík á bakvið myndræna birtingu þeirra
- Daglega keyra nokkrar skriptur sem lesa gögn úr grunnkerfum og umbylta þeim áður en þau eru lesin inn í Stjórnandann og birt

Með verkefninu á m.a að:

- Koma Stjórnandanum yfir í tæknistakk borgarinnar
- Breyta og bæta ferli gagnanna
- Nýta PowerBI mælaborð til að lesa fullunnar töflur, þá gætu fleiri mælaborð notað sömu töflur ef þörf er á
- Færa þarf upplýsingar sem eru í núverandi lausn yfir í nýja lausn skrifaða í Power BI
- Kortleggja þarf upplýsingaþörf stjórnenda

Tímarammi: 2-4 vikur

Áætlaður kostnaður: um 5 milljónir, samanstendur af verkefnastjóra/framleiðanda og PowerBI sérfræðingi

Óskað er eftir: Samþykki verkefnaráðs að ráða inn verktaka til að færa birtingu upplýsinga fyrir stjórnendur borgarinnar úr QlikSense yfir í PowerBI.

Tegund verkefnis:

Gagnaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs: 4 4 1 4 5 4 3,07

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið er stórt skref í átt að útleiðingu á qliksense, sem ekki er lengur þjónustað á landinu og þjónar ekki þörfum gagnamála í dag og því engin framþróun verið eða uppfærslur. Mælaborðið er notað af stórum hluta af stjórnendum borgarinnar og því mikilægt að tryggja að það verði áfram í loftinu. Notkun á PowerBI er einföld og mjög sambærileg virkni í qliksense og ekki er talin þörf á fræðslu og innleiðingu umfram almenna kynningu út á sviðin og til helstu notenda.

Fjármagn í verkefnið er samþykkt og að settur verði verkefnastjóri til að leiða það hratt af stað.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Kostnaður er samþykktur
2	Verkefnastjóri frá ÞON leiðir verkefnið

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri úthlutar til verkefnastofu	EBB	x
2	Gagnastjóri tryggir aðföng og mönnun verkefnis hjá gagnateymi	IR	x

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn þann 11.05.2023